

Föstudaginn 22. september 1989.

Nr. 295/1989. **Hreinn Sigurðsson**

gegn

Einari Kárasyni,

Sigurði Kárasyni,

Önnu Sjöfn Stefánsdóttur

og

Herdísi Stefánsdóttur.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Hjördís E. Harðardóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júlí 1989 samkvæmt heimild í 2. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kærður er úrskurður skiptaréttar Sauðárkróks 20. júlí 1989.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður skiptaráðanda í máli þessu verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að ganga til samninga við börn hans, Önnu Klöru og Hrein, á grundvelli þess tilboðs, sem hann gerði fyrir þeirra hönd í fasteignina Suðurgötu 22 á Sauðárkróki.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í forsendum hins kærða úrskurðar er ekki getið um nöfn og heimili aðila málsins. Kröfum aðila er ekki lýst. Málavaxtalýsingu er áfátt, og rökstuðningur dómara er ófullkominn. Úrskurðurinn hefur ekki að geyma úrskurðarorð. Þessi samning úrskurðarins brýtur stórlega í bága við fyrirmæli 193. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Úr þessum ágöllum varð ekki bætt með því, að héraðsdómari sendi Hæstarétti síðar fyllri málavaxtalýsingu og rökstuðning.

Kröfugerð sóknaraðila í héraði var lögð fram í þinghaldi 20. júlí 1989. Kröfugerðin er óskýr. Bar héraðsdómara þá að leiðbeina sóknaraðila, sem er ólöglærður, um kröfugerð. Ekki verður séð, að svo hafi verið gert.

Gögn málsins bera ekki með sér, að varnaraðilum hafi, áður en úrskurður var upp kveðinn, verið gefinn kostur á að tjá sig um ágreining aðila.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður skiptaréttar Sauðárkróks 20. júlí 1989.

27. gr. laga nr. 3 frá 1878, laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum, á við um skuldafrágöngubú. Dánarbú Sigurðar Stefánssonar er í opinberum skiptum sem skuldaviðgöngubú, og eiga því við reglur 4. kapítula laga nr. 3 frá 1878. Samkvæmt lokaákvæði þess kafla, 55. gr., skal fara með skuldaviðgöngubú á þann hátt, er segir í 3. kap. um skuldafrágöngubú, nema öðruvísi sé ákveðið í lögnum. Telja verður, að heimild 27. gr. skiptalaga um sölu fjármuna á nauðungaruppboði eigi ekki við um skuldaviðgöngubú. Stafar það bæði af þeim eðlismun, sem er á skuldaviðgöngu- og skuldafrágöngubúum, svo og er í d-lið 1. gr. laga um nauðungaruppboð, lög 57 frá 1949, aðeins heimilt að fara með uppboð samkvæmt þeim lögum samkvæmt heimild í skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngudánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum. Það athugast, að 27. gr. skiptalaga gerir ráð fyrir, að meiri hluti fundarmanna geti samþykkt að hafa annan hátt á.

Tilboð Hreins Sigurðssonar, dags. 13. janúar sl., var samþykkt af tveimur erfingjum dánarbúsins 28. mars sl., Önnu Sjöfn Stefánsdóttur og Herðisi Stefánsdóttur. Arfshluti þeirra samanlagður er 6/16, og telst því tilboðið ekki hafa verið samþykkt af meiri hluta búsins.